

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1994

20. maí 1994

845

Nr. 267

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Suðurdalahrepps, Laxárdalshrepps, Hvammshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu nr. 28/1994.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, og reglugerð nr. 113/1994 um endurtekningu á atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. maí 1994 staðfest sameiningu Skarðshrepps við Suðurdalahrepp, Haukadalshrepp, Laxárdalshrepp, Hvammshrepp og Fellsstrandarhrepp í Dalasýslu og breytast ákvæði 1. mgr. auglýsingar nr. 28/1994 í samræmi við þá staðfestingu.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

19. maí 1994

Nr. 268

AUGLÝSING

um staðfestingu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 19. maí 1994 staðfest aðalskipulag Hveragerðisbæjar 1994-2014.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Jafnframt er aðalskipulag Hveragerðis 1991-2002, sem staðfest var 13. júlí 1982, fellt úr gildi.

Umhverfissráðuneytið, 19. maí 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.